Tíminn
Fimmtudagur
25. nóvember 1976

SÍS-FÓÐUR
SUNDAHÖFN

LEIKFANGAHÚSIÐ
Skólavörðustíg 10 - Sími 1-48-06
Fisher Price leikföng eru heimsfræg
Póstsendum
Brúðuhús
Skólar
Benzínstöðvar
Sumarhús
Flugstöðvar
Bílar

GOÐI
fyrir góðan mat
KJÖTIÐNAÐARSTÖÐ SAMBANDSINS

Engin mannvirki þola átta stiga jarðskjálfta

Gsal-Reykjavík. — Eins og fram kemur í frétt á forsíðu blaðsins er búizt við stórskjálfta á Suðurlandi, sem gæti orðið um 8 stig á Richterskvarða, en svæði það sem við er átt, þegar talað er um Suðurlandsskjálfta, nær á milli Landssveitar og Ölfuss.

Guðjón Petersen fulltrúi Almannavarna ríkisins og formaður nefndar á vegum þeirra, sem á að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum vegna skjálftans, sagði í samtali við Tímann í gær, að jarðvísindamenn hefðu verið að rannsaka þetta svæði á undanförnum árum, og virtist sem misgengi á þessu svæði væri mjög svipað því sem væri í San Andreas-sprungunni í Californiu, þ.e. sprunga sem leysir út orku á vissu millibili og því lengri tími sem líði á milli skjálfta því stærri yrði skjálftinn.

— Jarðvísindamenn hafa verið að rekja sögu jarðskjálfta á Suðurlandi allt frá árinu 1164, en frá þeim tíma eru fyrstu heimildir um jarðskjálfta á þessu svæði, sagði Guðjón. — Við þessa sögulegu könnun hefur komið í ljós, að skjálftar verða á Suðurlandi að meðaltali á 30 ára fresti. Því lengra sem líður á milli skjálfta því sterkari verður skjálftinn. Nú eru liðin 60 ár frá síðasta skjálfta austast á þessu svæði og 80 ár frá skjálfta vestast á því — og þar af leiðandi verður næsti skjálfti hrikalega stór.

Síðasti skjálftinn vestast á þessu svæði var 1896 og þá varð tjón gífurlegt á Suðurlandi og einnig 1784. Miðað við lýsingar af afleiðingum þessara tveggja jarðskjálfta, sem eru mjög glöggar, telja jarðvísindamenn, að þetta svæði sé í stórhættu, og tjón á Suðurlandi geti orðið jafn mikið og víða erlendis í stórskjálftum.

Guðjón sagði, að jarðvísindamenn teldu, að skjálfti austast á þessu svæði gæti orðið um 8 stig á Richterkvarða eða jafnvel rétt þar yfir, en það er styrkleiki á borð við stærstu jarðskjálfta, sem orðið hafa í heimi. — Samkvæmt mati jarðvísindamanna, sem þeir byggja á sínum sögulegu könnunum, eru jarðskjálftar á þessu svæði oft um 7 stig á Richter, sagði Guðjón. Ef við lítum t.d. á Kópaskersskjálftann, í fyrravetur, sem var 6,3 stig á Richter og á hugsanlegan skjálfta á Suðurlandi, sem væri 8.3 stig — þá er hann 900 sinnum sterkari, þ.e. leysir út 900 sinnum meiri orku. Áhrifamögnun er þó ekki eins mikil.

— Staðreyndin er sú, að það eru engin mannvirki í raun og veru byggð, sem þola jarðskjálfta af þessari stærðargráðu.

Guðjón sagði, að jarðvísindamenn gætu að sjálfsögðu ekki tímasett nákvæmlega hvenær skjálftinn yrði, en talið væri öruggt að hann yrði innan þrjátíu ára.

Tíminn innti Guðjón eftir því, hvort þessi skjálfti myndi ekki hafa minni eyðileggingu í för með sér ef hann yrði fljótlega heldur en eftir 20-30 ár.

— Það má segja, því fyrr því betra — en þó er það ekki alveg einhlítt. Það er að því leyti rétt, að hann verður sterkari því síðar sem hann verður, en spennan er sennilega orðin það mikil nú þegar, að hann verður hvort eð er hrikalega sterkur. Það sem gæti verið betra að fá hann eftir u.þ.b. 10 ár, er það, að þá verður vonandi búið að leggja nýju háspennulínuna frá Sigöldu og Hrauneyjarfossi yfir hálendið nið ur í Hvalfjörð. Við vitum nefnilega ekki hvernig línunum frá

Framhald á bls. 15

Vinnuhópur vegna stórskjálftans

Gsal-Reykjavík — Sett hefur verið á laggirnar nefnd eða vinnuhópur vegna þeirrar vitneskju, að stórskjálfta sé að vænta á Suðurlandi innan 30 ára. Tíminn fékk upplýsingar hjá Guðjóni Petersen fulltrúa Almannavarnaráðs ríkisins um hlutverk þessarar nefndar.

- Gera könnun á þoli bygginga á jarðskjálftasvæðinu.
- Reyna að hafa áhrif á

Framhald á bls. 15



Kári Jónasson, fréttamaður útvarpsins, virðir fyrir sér útlitsteikningar af útvarpshúsinu, sem rísa á hjá mótum Bústaðavegar og Háaleitsbrautar. Teikningar þessar eru meðal þess, sem til sýnis er á Skipulagssýningu Reykjavíkurborgar, sem opnuð var að Kjarvalsstöðum í gær. Tímamynd: Róbert.

Nýtt byggðarhverfi, nýtt útvarpshús, nýr miðbær og endurnýjun eldri hverfa

Inntak tillagnanna að nýju heildarskipulagi Reykjavíkur

HV-Reykjavík. — Í gær var opnuð Skipulagssýning Reykjavíkur að Kjarvalsstöðum, þar sem borgarbúum gefst á næstunni kostur að kynna sér tillögur skipulagsnefndar borgarinnar að nýju aðalskipulagi hennar. Unnið hefur verið að þessum tillögum um nokkurra ára skeið, en nú liggja þær fyrir fullbúnar, og bíða endanlegs samþykkis borgarráðs og borgarstjórnar.

Við fyrstu sýn virðist það einkum fernt, sem öðru fremur vekur athygli í þessu nýja skipulagi. Það er nýi miðbærinn, nýtt íbúðarsvæði, sem rísa á á Úlfarsfellssvæðinu, endurnýjun eldri borgarhverfa og svo nýja Ríkisútvarpshúsið.

Í sýningarskrá segir um nýja miðbæinn, að þar sé gert ráð fyrir hvers kyns miðbæjarstarfsemi, svo sem verzlunum, skrifstofum, þjónustufyrirtækjum, opinberum stofnunum, kvikmyndahúsum, veitingastofum, borgarbókasafni, borgarleikhúsi, markaðstorgi og fleira.

Í fyrri áfanga nýja miðbæjarins er gert ráð fyrir byggingu á húsnæði, samtals um 110.000 fermetrar að flatarmáli.

Á Úlfarsfellssvæðinu, þar sem nýja byggðarsvæðið á að rísa, eru þegar fyrir nokkrar stofnanir, það er Áburðarverksmiðjan í Gufunesi, rannsóknastofnanirnar að Keldum og Keldnaholti, svo og Korpúlfsstaðabær. Þegar lá fyrir áætlun um kirkjugarð á svæðinu.

Ljóst er, að þetta byggðarsvæði verður nokkuð með öðru sniði en önnur hverfi Reykjavíkurborgar, enda rennur um svæðið á, Úlfarsá, og Vesturlandsvegur sker það í sundur. Auk þess gefur nálægð við strönd og fjall sérkennilega eiginleika fyrir íbúðarbyggð.

Í þessum skipulagstillögum er gert ráð fyrir viðhaldi og endurnýjun eldri borgarhverfa. Í því tilliti mun verða miðað sem mest við það að viðhalda þeim byggingum, sem þegar eru fyrir, en byggja hins vegar nýtízkulegri hús á þeim svæðum sem eru óbyggð.

Búreikningar 1975:

Laun meðalbónda 307 kr. á klst.

MÓ-Reykjavík — **Meðalfjölskyldulaun á búreikningsbúum 1975 voru 1,2 millj. kr. og höfðu þau hækkað um 22% frá árinu áður, segir í nýútkominni ársskýrslu Búreikningastofu landbúnaðarins fyrir árið 1975. Fjölskyldutekjur á vinnustund voru að meðaltali 307 kr. Alls færðu 180 bændur búreikninga í samvinnu við búreikningastofuna, en 134 reikningar voru teknir með í þetta uppgjör. Meðalstærð þessara búa var 528 ærgildi.**

Vinna við árskú reyndist vera 128,2 klst. að meðaltali, en 6,8 klst. á vetrarfóðraða kind. Þessir bændur fjárfestu að meðaltali fyrir 921 þúsund krónur á árinu og var aðal fjárfestingin við vélakaup, eða 430 þúsund kr.

Stærstu útgjaldaliðir voru fóðurbætir og áburður. Að meðaltali námu kjarnfóðurkaup 583 þúsundum kr. og áburðarkaup 434 þúsundum kr. Framleiðslukostnaður var að meðaltali 2,4 millj. kr. á bú, en framleiðslutekjur námu 3,6 millj. kr.

Framlegð á kú reyndist vera að meðaltali 71.192 kr. eða 360 kr. á vinnustund. Hver kýr gefur því rúmlega 71 þúsund kr. upp í vinnu, vexti og fyrningar. Meðalframlegð á kind var hins vegar 5.178 kr. og á vinnustund við sauðfé kr. 588.

Greinilega kemur fram, að það sem mest munar um við afkomu sauðfjárbúanna, er hvort margt er tvílembt, og því meiri sem fjrósemin er, þeim mun betri verður útkoman. Eins er það, að því meiri nythæð, sem kýrnar ná, þeim mun betri verður afkoma kúabúanna. Þar sem ársnyt var innan við 3000 lítra mjólkur, var framlegðin á árskú rétt um 60 þúsund kr., en þar sem kýrnar mjólkuðu 4000 lítra var framlegðin á kú rúmar 108 þúsund kr.

PALLI OG PÉSI

